



Búðardal, 15.08.2025

EFNI: Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um almannavarnir

Umsögn sveitarfélagsins Dalabyggðar vegna máls nr. S-114/2025 sem birt var í Samráðsgátt stjórnvalda þann 8. júlí 2025 og varðar drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um almannavarnir.

Í umfjöllun segir að eitt meginmarkmið frumvarpsins sé að auka vægi fyrirbyggjandi aðgerða í þeim tilgangi að efla viðbúnað samfélagsins til þess að bregðast við áföllum. Unnt sé að draga verulega úr neikvæðum áhrifum óæskilegra atvika með því að auka áfallapol samfélagsins og þar skipti fyrirbyggjandi aðgerðir sköpum. Enda er markmið almannavarna að undirbúa, skipuleggja og gera ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni eða umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, hvort sem það er af völdum náttúruhamfara, heilbrigðisvárs, netöryggisógnar, hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum.

Í frumvarpsdrögum er *áfallapol* skilgreint sem geta kerfis eða samfélags til að forðast, draga úr eða yfirstíga hættuástand með fyrirbyggjandi aðgerðum og viðbrögðum. Að sama skapi eru *ómissandi innviðir* skilgreindir sem kerfi, eignir, aðstaða, búnaður, net, mannvirki eða þjónusta sem er nauðsynleg til að tryggja grunnþarfir samfélagsins og samfélagið getur ekki verið án í sólarhring eða lengur. Þeir geti verið í eigu eða á forræði opinberra aðila eða einkaaðila.

Þann 21. desember 2023 gaf ríkislögreglustjóri út skýrslu sem fjallar um löggæslu í Dalabyggð. Í skýrslunni segir að byggð og landfræðilegar forsendur í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi kalli á staðsetningu lögreglustöðvar í Búðardal eða að Dalabyggð verði skilgreind sem sérstakt varðsvæði með eftirliti á sambærilegum tíma og lögreglustöð væri annars mönnuð. Dalabyggð er landfræðilega stórt sveitarfélag, það liggur á krossgötum þar sem meginæð þjóðvegakerfisins til Vestfjarða liggur um sveitarfélagið og þá má segja að jafnlangt sé til allra

næstu þéttbýlisstaða eða ca. 80 km í Borgarnes, Stykkishólm, á Hvammstanga, Hólmavík og að Reykhólum.

Fram kemur í skýrslunni að markmið löggæsluáætlunar um viðbragðstíma og krafan um að almenningur njóti eftir því sem hægt er sambærilegrar þjónustu og öryggis hvar sem er á landinu kalli á viðveru lögreglu í Dalabyggð. Það sé einnig liður í að öryggisstig í umdæminu sé ásættanlegt. Náttúruvár kalli einnig á að lögreglustöð sé til staðar í fámennum og landstórum byggðarlögum. Viðvera lögreglumanna á svæðinu sé liður í því að ná markmiðum um lágmarks viðbragðstíma hvað varðar neyðarútköll og lágmarks öryggisstig.

Það sé sama hvort rætt sé um lögreglustöð eða sérstakt skipulagt varðsvæði, hvortveggja kalli á álíka fjölda lögreglumanna og þó um sérstakt varðsvæði væri að ræða þyrfti lögreglan að hafa lágmarksaðstöðu á staðnum. Almennig hefur þær væntingar til lögreglu að hún sé fljót á vettvang þegar fólk er í neyð. Einnig að hún sinni fyrirbyggjandi löggæslu og ræki hlutverk sitt varðandi almannavarnir. Hvað varðar leit og björgun á landi og almannavarnir fer lögreglan með samhfingarlutverk viðbragða og oft reynir mjög á að lögreglan sé til staðar í dreifðum byggðum vegna margvíslegra ógna.

Þannig sé lágmarksmönnun að mati ríkislögreglustjóra fjórir til níu lögreglumenn í Dalabyggð og krafa um að til staðar sé aðstaða fyrir varðstofu, skýrslugerð, yfirheyrslur, starfsmannaaðstaða, bílageymsla fyrir lögreglubifreiðar og fangaklefi til skammtíma vistunar. Í dag hefur lögreglan aðeins til umráða 9,8 m² skrifstofu í Búðardal og í Dalabyggð starfar einn lögreglumaður í 50% starfi.

Í frumvarpsdrögum eru taldir upp viðbragðsaðilar almannavarna á landsvísu í 5. gr. Þ.e. lögreglan, Landhelgisgæsla Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, heilbrigðisstarfsmenn, slökkvilið, Neyðarlínan, Rauði krossinn á Íslandi og rekstraraðilar flugvalla og flugleiðsögu.

Fyrir utan aðstöðupörf lögreglu eru slökkvilið Dalabyggðar og sjúkrabílar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í Búðardal í óviðunandi húsnæði. Unnin hefur verið þarfagreining fyrir uppbyggingu húsnæðis viðbragðsaðila í Dalabyggð (lögregla, slökkvilið, sjúkrabílar, björgunarsveit, Rauði krossinn, slysavarnadeild) sem kallar að lágmarki á um 1.000 m² byggingu.

Í frumvarpsdrögum koma fram fyrirbyggjandi aðgerðir og skyldur sveitarfélaga, þar á meðal greiningar, áætlanir, fræðsla og æfingar. Í því tilliti er afar brýnt að ef sveitarfélag á að geta

treyst á áætlanir og framfylgt fyrirbyggjandi aðgerðum þá þarf/verður aðstaða viðbragðsaðila að vera viðunandi og starfsemi þeirra að taka mið af starfssvæðinu sem um ræðir.

Til viðbótar má nefna að ýmis kostnaður lendir á sveitarfélögum sem tengist almannavörnum almennt, má t.a.m. nefna áætlanagerð, æfingar, fólk sem starfar í neyðarstjórn, fræðsla starfsfólks (t.d. varðandi endurreisn eftir atburði) o.s.frv. – mikilvægt er að greina hver mögulegur kostnaður getur orðið fyrir sveitarfélög en það er ekki gert heldur aðeins sagt í 53. gr. að kostnaður vegna verkefna sveitarfélaga greiðist af sveitarfélögum. Einnig vill undirritaður benda á hlutverk sveitarfélaga/slökkviliða hvað varðar það hlutverk að sinna fyrstu hjálp þegar umferðarslys verða og klippa þarf slasaða einstaklinga út úr bifreiðum sem og að sjá um hreinsun vega og umhverfi slysavettvangs, mat undirritaðs er að það sé ansi langsótt að sveitarfélög þurfi að bera kostnað vegna slíkra útkalla sem og til kaupa á tilskildum búnaði.

Að lokum vill undirritaður f.h. Dalabyggðar benda á og taka undir umsögn Bændasamtaka Íslands í ljósi þess að landbúnaður er ein grunn stoðin í atvinnulífi héraðsins og gera orð þeirra samtaka að orðum okkar í Dalabyggð þar sem m.a. stendur; „Þrátt fyrir ólíkar skoðanir, menningu, trú og lífsstíl eigum við öll það sameiginlegt að þurfa að nærast og er það ein af grunnforsendum lífs. Sú grundvallarþörf sameinar okkur og er í senn áminning um mikilvægi fæðuöryggis. Matvælin verða ekki til úr engu en þau verða til með vinnu, eljusemi og metnaði þess fólks sem ræktar landið, sinnir dýrum og framleiðir landbúnaðarafurðir. Alltof auðveldlega gleymist hversu mikilvægu hlutverki landbúnaður gegnir en án frumframleiðslu landbúnaðarafurða og án bænda og sveita væri fæðuöryggi verulega stefnt í hættu.“

Virðingarfyllst,

F.h. Dalabyggðar

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri.